

Ef unnt er að stöðva flæðið og/eða hefta útbreiðslu mengunarinnar án þess að leggja mannslíf í hættu skal það gert, en annars skal beðið eftir frekari aðstoð. Ef slökkvilið eða lögregla er á staðnum skulu allar aðgerðir gerðar í samráði við þá.

Ef frekari aðstoð er á leiðinni, skal koma hennar undirbúin með því að taka til þann búnað sem til er í stöðinni og hafa hann til reiðu þegar aðstoð berst.

***EKKI SKAL NOTA TÆKI Eða VERKFÆRI SEM VALDIÐ GETA ÍKVEIKJU MEÐ HITA, NEISTA Eða RAFMAGNI OG STRANGLEGA ER BANNAÐ AÐ VERA MEÐ OPINN ELÐ Eða REYKJA Á SLYSSTAÐ.***

### 1.0 Stöðvið lekann.

Stöðvið dælur og lokið lokum á eldsneytislögnum. Ef leki er innan þróar skal loka fyrir þær regnvatnslagnir sem liggja frá þrónni.

#### 1.1 Að stöðva leka úr lögn.

Einangrið lekann frá eldsneytisgeymum. Stöðvið dælur og lokið lokum á milli geyma og leka. Ef ekki er loki á milli leka og geymis verður að tæma geyminn. Ef lekinn er ekki mikill má líka reyna að bæta lögnina tímabundið á meðan er verið að tæma viðkomandi geymi til dæmis með gúmmibót sem hert er með gjörð utanum lekastaðinn.

#### 1.2 Að stöðva leka úr geymi.

Tæma verður geyminn yfir í annan öruggan geymi eins fljótt og kostur er. Ef ekki er unnt að tæma geyminn strax, verður að reyna að bæta hann tímabundið þar til hægt er að tæma geyminn. Ef lekinn er á botni eða neðarlega í geyminum má einnig dæla í hann vatni eða sjó til þess að lyfta eldsneytinu yfir lekastaðinn, þannig að vatnið eða sjórinn leki út í stað eldsneytisins.

### 2.0 Heftið útbreiðslu eldsneytisins.

Ef lekinn er utan við þrær stöðvarinnar eða kemst út fyrir þær, skal reyna að hefta útbreiðslu eldsneytisins. Það getur verið nauðsynlegt að loka fyrir einhverjar eða allar regnvatnslagnir frá stöðinni til þess að safna eldsneytinu í regnvatnskerfi stöðvarinnar og hindra þannig að eldsneytið berist út af svæði stöðvarinnar. Þegar útbreiðsla eldsneytis er heft skal ætíð haft í huga við val á þeim stað þar sem stoppa á eldsneytið að eldsneyti er mjög eldfimt. Það er æskilegt að beina eldsneyti frá öllum eldhættum og að stað þar sem hægt er að stoppa það án mikillar áhættu. **Þetta á sérstaklega við um bensín, þar sem mjög mikil eldhætta stafar af því og gufum þess.** Í sumum tilfellum er betra að leyfa bensíni að dreifast út og gufa upp, heldur en að reyna að safna því saman.

#### 2.1 Að hefta útbreiðslu eldsneytis á jarðvegi.

Hægt er að gera eldsneytishindrandi varnargarða úr jarðvegi og einnig er hægt að grafa leiðandi rásir sem beina eldsneytinu frá viðkvæmum svæðum að ákveðnum stað þar sem gott er að hreinsa eldsneytið upp. Ef lekinn er lítill og viðráðanlegur og á olíuheldu undirlagi getur verið nóg að girða hann af með ísogsefnum, en það eru sérstök efni sem sjúga í sig olíu en hafna vatni. Í neyðartilfellum má notast við sag, spæni eða jafnvel hey. Hafa ber í huga að eldsneytið getur líka sígið niður í jarðveginn.

### 2.2 Að hefta útbreiðslu eldsneytis á vatni.

Flestar gerðir eldsneytis fljóta á vatni. Það er því hægt að hefta útbreiðslu eldsneytis með flotgirðingum og/eða pulsum úr ísogsefni ef um er að ræða lítinn flekk. Léttari tegundir, eins og til dæmis bensín, steinolía og gasolíur, breiðast mjög hratt út á vatni, þess vegna verður að bregðast mjög hratt við þegar létt eldsneyti lendir í vatni eða sjó. Helst verða flotgirðingar og/eða aðrar hindranir að vera komnar upp áður en eldsneytið kemst í vatnið eða sjóinn. Ef eldsneyti rennur í straumvatn er oft ekki mögulegt að nota flotgirðingar. Ef hefta verður útbreiðslu eldsneytisins í straumvatni getur eina leiðin verið að stífla og hleypa vatninu undan ef mögulegt er.

### 3.0 Hefjið hreinsun.

Mjög mikilvægt er að hreinsun hefjist sem fyrst, til þess að koma í veg fyrir aukinn skaða. Dæla skal eldsneytinu upp þar sem því verður við komið. Ef ekki er hægt að dæla verður að þurrka eða moka eldsneytinu upp. Einnig er mögulegt að nota ísogsefni á lítil slys eða til þess að ná síðustu leifum eldsneytis upp. Sá úrgangur sem verður til við hreinsunina, svo sem olíublautar tuskur og mottur eða pulsar úr ísogsefni skal setja í olíuheld ílát. Tunnur undan olíum henta mjög vel undir slíkt sorp. Ef ekki er mögulegt að hreinsa mengunina upp á skömmum tíma vegna magns, aðstæðna og/eða kostnaðar, verður að líta á aðrar og flóknari aðferðir. Dæmi um slíkar hreinsiaðferðir eru til dæmis lífræn hreinsun á staðnum, loftun jarðvegs og/eða uppdæling og hreinsun grunnvatns. **Allar stærri hreinsiaðgerðir verður að vinna í samráði við öryggisnefnd.**

#### 3.1 Hreinsun mengaðs jarðvegs.

Eldsneytismengaður jarðvegur er vandmeðfarinn. Jarðvegurinn er eins og svampur og dregur í sig olíu nema að hann sé mjög þéttur eða blautur. Eldsneytið breiðist síðan út og niður að grunnvatninu sé ekkert að gert. Ef ekki er um mjög stórt svæði eða mikið magn er að ræða skal menguðum jarðvegi mokað upp áður en eldsneytið nær að breiðast mikið út. Mengaða jarðveginum skal síðan komið fyrir á olíuheldu undirlagi. Ef geyma verður jarðveginum í tvo daga eða meira verður að sjá til þess að frárennsli regnvatns úr jarðveginum renni í gegnum olíuskilju, svo að olían nái ekki að berast frá haugnum út í umhverfið.

#### 3.2 Hreinsun mengaðs vatns eða sjávar.

Þar sem því verður við komið skal reyna að dæla eldsneytinu ofan af vatninu. Til þess að það sé hægt verður að safna olíunni saman á ákveðnum stað. Það er gert með olíuskilju, flotgirðingum eða öðrum olíuhindrunum. Olíu sem safnað er á þennan hátt má endurnýta sem úrgangsolíu. Ef ekki er hægt að safna olíunni nægjanlega saman má nota ísogsefni, í mottum eða pulsum, sem lögð eru á vatnið og draga í sig olíu en hafna vatni. Ísogsefnunum verður síðan að safna saman og setja í olíuheld ílát, til dæmis tunnur.

Felli- eða dreifiefni skal ekki nota á olíuflekki, nema olían ógni viðkvæmum strandsvæðum, og þá skal nota eins lítið af felliefnunum og af verður komist með.